

Gallon ehf.
Skútuvogi 1
104 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2024
UST202401-158/R.S.
08.04

Efni: Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Gallon ehf., Örfirisey

Vísað er til umsóknar Gallon ehf. um endurnýjun á starfsleyfi, dags. 14. janúar sl., og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var fyrir olíubirgðastöð í Örfirisey, Reykjavík. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 17. janúar sl.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 19. janúar til og með 26. janúar sl. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin.

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að framlengja starfsleyfi olíubirgðastöðvarinnar. Gildistími starfsleyfisins er til 31. janúar 2024. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 31. janúar 2025.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur